

Sparileið – skilmálar

Stofnun reiknings

Reikningurinn er stofnaður í [útibú Íslandsbanka](#) eða [netbanka Íslandsbanka](#).

Inn- og útborganir

Hver innborgun er bundin í 36, 48 eða 60 mánuði, eftir því hvaða binditími er valinn við stofnun reiknings. Að binditíma loknum er hvert innlegg laust til útborgunar í einn mánuð og að því tímabili loknu binst innleggið á ný og verður uppsegjanlegt með þriggja mánaða fyrirvara. Hvert innlegg er bundið í umsaminn binditíma. Ef um reglubundinn sparnað er að ræða þá er öll upphæðin laus að binditíma loknum. Að öðru leyti virkar reikningurinn eins þ.e. upphæðin er laus í einn mánuð og að því tímabili loknu binst hún á ný og verður uppsegjanleg með þriggja mánaða fyrirvara.

Hægt er að millifæra út af reikningnum í netbanka og appi. Útborgun getur einnig farið fram á hvaða afgreiðslustað bankans sem er, sé öðrum skilyrðum til úttekta fullnægt og fullgildum persónuskilríkjum framvísað eða vottuðu umboði reikningseiganda til úttekta. Umboðshafi skal sanna á sér deili með sama hætti og reikningseigandi og afhenda afrit umboðs til varðveislu í útibúi.

Vaxtatímabil

Vaxtatímabil er frá fyrsta til síðasta dags hvers mánaðar. Vextir eru færðir á höfuðstól við lok hvers mánaðar og fjármagnstekjuskattur dreginn frá. Vextir eru ávallt lausir til útborgunar.

Útreikningur verðbóta

Um mánaðarmót reiknast verðbætur samkvæmt vísitölu neysluverðs á lægstu innistæðu reikningsins í síðasta almanaksmánuði og leggjast þær mánaðarlega við höfuðstól. Á innborganir hvers mánaðar reiknast verðbætur miðað við daglega vísitölu innan mánaðar og leggjast þær við höfuðstól við næstu mánaðarmót.

Þóknanir

Bankinn innheimtir engin þjónustugjöld, innlausnargjöld eða þóknanir.

Kjör og skilmálar

Reikningurinn er verðtryggður innlánsreikningur sem tekur mið af breytingum á vísitölu neysluverðs. Á innistæðu reiknast breytilegir vextir. Skilmálar þessir og kjör reikningsins að öðru leyti eru háð ákvörðun bankans og almennum reglum Seðlabanka Íslands um verðtryggingu innlána hverju sinni. Upplýsingar um kjör reikningsins er að finna í [vaxtatöflu bankans](#).